Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

HNE

STARFSLEYFI

Norðurorka hf.

Kt. 550978-0169
Rangárvöllum
603 Akureyri

- Skólphreinsistöð við Sandgerðisbót-

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: **8. September 2032**

23. maí 2023

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRA

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Starfsleyfishafi: Norðurorka hf.
kt. 550978-0169

Starfsemi: Skólphreinsistöð við Sandgerðisbót á Akureyri

Lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda eru m.a:

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna
- Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála
- Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp
- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

2. Lýsing á starfseminni

Hreinsistöðin þjónar íbúum á atvinnustarfsemi á Akureyri auk Lónsbakkahverfis í Hörgársveit. Í stöðinni eru föst efni síuð úr fráveituvatninu með 3 millimetra þrepasíun.

- Stöðin er tvískipt og hönnuð með það í huga að hægt verði að sinna viðhaldi án þess að rekstur hennar stöðvist.
- Fjöldi persónueininga var við gildistöku starfsleyfis u.þ.b. 86.000
- Meðalrennsli um hreinsistöðina er 250 l/s en afkastageta stöðvarinnar er allt að 750 l/s
- Fráveitukerfið er að hluta einfalt og regnvatn o.fl. hefur því áhrif á lagnakerfið og skólp sem berst til stöðvarinnar er nokkuð útþynnt.
- Útrásarlögn er 400 metra löng og opnast á 40 metra dýpi á botni Eyjafjarðar
- Verði stöðin óvirk mun óhreinsað skólp renna um 90 metra álagsútrás
- Viðtakinn er skilgreindur síður viðkvæmur skv. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp
- Vistfræðilegt ástand vatnshlotsins *Eyjafjarðarbotn 102-1321-C* er metið mjög gott
- Efnafræðilegt ástans vatnshlotsins *Eyjafjarðarbotn 102-1321-C* er metið gott

3. Kröfur um hreinsun skólps

- Viðtaki hefur verið skilgreindur síður viðkvæmur því skal hreinsa skólp sem berst til stöðvarinnar með að minnsta kosti eins þreps hreinsun skv. 3.mgr. 7.gr reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.

  Eins þreps hreinsun *er hreinsun skólps með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD_5-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%.*

4. Umhverfismarkmið

í samræmi við 12. gr. laga nr.36/2011 um stjórn vatnamála skal miða við að vist- og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins versni ekki vegna starfseminnar. Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið náist ekki skal gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Heimilit að endurskoða starfsleyfið, þegar það á við, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð

5. Sýnatökur og vöktun

6. Sýnatökur í hreinsistöð

Til að staðfesta virkni hreinsistöðvarinnar skal reglulega taka sýni af fráveituvatni. Um gerð sýna og tíðni sýnatöku skal fara eftir eftirfarandi töflu:

Mæliþáttur	Sýnatökustaður	Tíðni
BOD_5,	Fyrir og eftir hreinsun í stöðinni	1 ss/mánuði
Svifagnir		
Fita	eftir hreinsun	4 ss/ári
Ólífræn snefilefni*	eftir hreinsun	árlega

ss = sólarhringsblandsýni (blandsýni yfir einn sólarhring)

* *Cd,Cu,Ni,Pb;Zn,Hg,Cr,Ag,As*

Losunarmörk

Hreinsað skólp sem losað er í viðtaka sem skal uppfylla þær kröfur sem fram koma í eftirfarandi töflu.

Mæliþáttur	Krafa um hreinsun /losunarmörk	Reglugerð
BOD_5,	Lækkun um a.m.k. 20%	798/1999
Svifagnir	Lækkun um a.m.k. 50%	798/1999
Fita	100 mg/L (Olíu/fitubrák má ekki sjást)	798/1999
Ólífræn snefilefni	Sýni skulu metin samkvæmt fylgiskjali reglugerðar um varnir gegn mengun vatns	796/1999

7. Vöktun viðtaka

Til þess að staðfesta að rekstur stöðvarinnar hafi ekki neikvæð áhrif á viðtakann skal kom á reglulegri vöktun í samræmi við ákvæði í 2.mgr. 22. gr. laga nr. 36-2011. Eftirfarandi mælingar skulu gerðar að lágmarki á fjögurra ára fresti*, í tengslum við endur skilgreiningu viðtaka. Sýnatökustaðir koma fram á töflu 1 í viðauka. Aðferðir við sýnatöku skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Hafrannsóknastofnunar um sýnatökur.

MÆLIÞÆTTIR Í STRANDSJÓ	HVENÆR ÁRS	TÍÐNI MÆLINGA
Nítrat (NO3)	Vetur (janúar – mars)	4
Fosfat (PO4)	Vetur (janúar – mars)	4
Blaðgræna a	Sumrin (mars- okt)	4
Hryggleysingjar	Sumrin (mars- okt)	1 (3 botngreipar)

** heilbrigðisnefnd getur krafist tíðari mælinga ef ástæða er talin til.*

Forgangsefni á listum I, II og III í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, skal vakta á 6 ára fresti og skal fyrsta mæling fara fram í síðasta lagi árið 2025. Farið skal eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um sýnatökur forgangsefna.

8. Gerlamælingar

Reglulega skal kanna saurmengun í sjó meðfram strandlengjunni á Akureyri. Tekin skulu að lágmarki 10 sýni á tveggja ára fresti og saurmengun metin skv. fylgiskjali við reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Miða skal við að saurmengun falli undir umhverfismörk I til II og að saurkólígerlar séu undir 100 í ml í a.m.k. 90% tilfella. Sömu umhverfismörk fyrir saurmengun koma fram í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.

Sýnatökustaðir koma fram í töflu í viðauka.

9. Annað sem starfsemina varðar

10. Daglegur rekstur

Í daglegum rekstri skal gætt að hreinlæti og mengunarvörnum. Komi til leka skal tafarlaust gripið til aðgerða til að stöðva flæði skólps og takmarka umhverfisáhrif.

11. Skráningar

Starfsleyfishafi skal halda skráningar um eftirfarandi þætti og skulu þær aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Niðurstöður sýnatöku og vöktunar
- Meiriháttar bilanir á hreinsistöð og fráveitukerfi
- Stíflulosanir
- Viðgerðir og viðhald á hreinsistöð og fráveitukerfi
- Kvartanir og viðbrögð við þeim
- Magn fasts úrgangs sem fluttur er til förgunar frá stöðinni

Jafnframt skal rekstraraðili taka saman skýrslu/niðurstöður um umhverfisvöktun og innra eftirlit fyrir 15. mars ár hvert vegna ársins á undan.
Eftirfarandi skal koma fram:

- Niðurstöður eftirlitsmælinga í hreinsivirki þ.m.t rennsli skólps.
- Upplýsingar um tíðni losunar á yfirfalli (í einföldu kerfi) (má ekki fara yfir 5% tímans á ársgrundvelli).
- Niðurstöður vöktunar í viðtaka/vatnshloti
- Upplýsingar um frávik skv. vöktunaráætlun og kröfum í starfsleyfi ef við

f.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Viðauki

Sýnatökustaðir

Sýni í tengslum við vöktun viðtaka skulu tekin á eftirfarandi stöðum:

Stöðvarheiti	Breiddargráða (°N)	Lengdargráða (°W)	X (A)	Y (N)
2	65°41,40'	18°03,95'	542.927,71	577.245,90
4	65°43,5'	18°07,0'	540.537,20	581.114,51
A	65°42,22'	18°05,62'	541.626,91	578.750,98
B	65°43,0'	18°05,0'	542.080,45	580.207,20

Sýni til að kanna gerlamengun skulu tekin á eftirfarandi stöðum:

nr.	Staðsetning
1	Krossanes
2	Útrás
3	Sandgerðisbót
4	Glerá -vestur
5	Glerá - austur
6	Slippur
7	ÚA
8	Strýta
9	Bústólpi
10	Átak
11	Torfunef
12	Hafnarstræti
13	Nökkvi
14	Leirunesti
15	Leiruvegur
16	Leirubrú